

SKÖTUTJÖRN 3

Skammt frá Þingvallabænum er tjörn sem heitir Skötutjörn og úr henni Skötugjá. Sumir segja að tjörnin beri þetta nafn vegna þess að hún sé lík skötu í laginu og er gjáin þá eins og hali skötunnar.

Þjóðsagan um tjörnina útskýrir nafnið á annan hátt:



Einu sinni náði Skötugjá alveg undir eldhúsið á Þingvallabæ. Hlemmur var á eldhúsgólfinu yfir gjánni. Hægt var að opna hlemminn og veiða silung upp úr gjánni. Veiðin var óþrjótandi, alltaf veiddist silungur þegar færi var dýft í gjána úr eldhúsinu. Hins vegar var sú kvöð á að aldrei mátti veiða meira en það sem þurfti í næstu máltíð. Svo kom nýr ábúandi að Þingvöllum. Sagt var að hann væri bæði illur og ágjarn. Hann vildi græða á veiðinni í gjánni. Hann opnaði því hlemminn í eldhúsgólfinu og settist við að veiða. Hann veiddi og veiddi, dag og nótt. Margir reyndu að vara hann við og segja honum að þetta mætti hann ekki en hann lét sig það engu skipta og veiddi hvern silunginn á fætur öðrum. Svo gerðist það loks að bitið var óvenju fast í færið. Maðurinn togaði af miklum krafti og dró loks upp úr gjánni stóra og ljóta skötu með sjö eða jafnvel níu hala. Búandinn varð dauðhræddur og þess fullviss að þarna væri kölski sjálfur kominn í skötulíki. Hann kastaði því færinu með öllu saman í tjörnina sem síðan er kölluð Skötutjörn. Eftir þetta hefur engin veiði verið í Skötutjörn eða -gjá.

Þessi saga er dæmigerð fyrir þær sögur sem áréttu náttúruvernd, góða umgengni við náttúruna og hóflega nýtingu. Margar þjóðsögur gegna sama hlutverki, fjalla um hvernig fer fyrir þeim sem á einhvern hátt fara illa með eða ofnýta náttúruna. Margar þessara sagna tengjast álagablettum og stundum hafa íslensku álagablettirnir verið kallaðir fyrstu friðlýstu svæðin.



Hvers vegna er náttúruvernd mikilvæg?

Hvernig tengist það auðlindum?

Hvers konar auðlindir erum við í nútímanum að ganga á?

Endurskrifaðu söguna um Skötutjörn með dæmum úr nútímanum.

- Sagan á að vera ca. 300 orð
- Vanda skal málfar og stafsetningu

Heimsmarkmið:



1 KLST.